

Beina tjónið, sem leiddi af þessari óhlýðni verður að telja viðgerðarkostnaðinn á „Úlfi“, matskostnaðinn, uppskipunar- og flutningskostnað á farminum og tjónið vegna tafar bátsins frá ferðum, er af viðgerðinni leiddi. Hefir stefnandi ekki með rökum sýnt fram á að upphæðir þessar sjeu of háar, eins og stefnandi telur þær, og verður því að taka kröfur hans í því efni til greina.

Að því er hinsvegar snertir kröfur stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir bótum þeim, sem m/b. „Mars“ og e/s. „Skjöldur“ hafa gert kröfu til vegna skemda þeirra, er á þeim urðu við árekstur „Úlfs“, þá hefir því verið mótmælt, að þær hafi stafað af bilun á stýri „Úlfs“ og skoðunar- og matsgjörðin á „Úlfi“ bendir ekki til þess að stýrið hafi verið bilað, enda hefði það verið óvarfærni af skipstjóranum á „Úlfi“ að leggja skipinu hjálparlausu frá hafnarbakkanum með bilað stýri, þar sem engin nauður rak hann til þess, úr því veðrið var farið að batna.

Krafa stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir þeim samtals kr. 2110,00, sem þessar kröfur nema, verður eigi tekin til greina.

Það verða því úrslit þessa máls hjer í rættinum að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 13539,50 með vöxtum eins og krafist er og eftir atvikum 100 kr. upp í málskostnað.

Mánudaginn 28. sept. 1925.

Nr. 27/1925. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Eiríki Kjerúlf, Halldóri G. Stefánssyni (Pjetur Magnússon) **og Gunnari Juul**
(Guðm. Ólafsson).

Brot á reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarkaupstaðar 6. apríl 1925: Hinir kærðu Eiríkur Kjerúlf læknir, Halldór G. Stefánsson læknir og Gunnar Juul lyfsali sæti sektum, Eiríkur Kjerúlf 900 kr., Halldór G. Stefánsson 600 kr. og Gunnar Juul

700 kr., og renni sektin í rikissjóð. Svo ber þeim in solidum að greiða allan kostnað málsins.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er höfðað gegn hinum kærðu, læknum Eiríki Kjerúlf og Halldóri G. Stefánssyni og Gunnari lyfsala Juul, einungis fyrir brot á fyrirmælum reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga, og kemur því eigi til álita hvort þeir kynnu að hafa gerst brotlegir við aðrar rjettarreglur með athöfnum þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi.

Hinir kærðu læknar hafa brotið ákvæði 5. og 6. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, og kærði Gunnar Juul er kærður fyrir að hafa brotið 3. og 4. gr. reglugjörðarinnar með því að hafa látið af hendi áfengi án löglegrar beiðni eða lyfseðils frá lækni og með því að hafa eigi haldið fyrirskipaða eyðslubók um áfengi.

Umrædd reglugjörð er sett af dómsmálaráðherra svo sem í upphafi hennar segir »samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 27. júní 1921«, en hvorki í 2. gr. tjeðra laga nje annarstaðar í þeim felst heimild til handa framkvæmdarvaldinu til þess að setja þau ákvæði um sölu áfengis, er í nefndum greinum reglugjörðarinnar segir, ásamt refsifyrirmælum 8. gr. reglugjörðarinnar, og ber því að sýkna hina kærðu af kærum valdstjórnarinnar í þessu máli. Eftir þessum málsúrslitum ber að greiða úr rikissjóði allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda 100 kr. og málflutningslaun verjenda í hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í hjerði er það að athuga, að málunum gegn hinum kærðu hefir verið steyppt saman án þess að brot þau, er þeim voru gefin að sök, væru svo samtengd, að nauðsynlegt hafi verið að sækja þá alla í sama máli.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu Eiríkur Kjerúlf, Halldór G. Stefánsson og Gunnar Juul eiga að vera sýknir af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins bæði í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda málsins hæstarjettarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar 100 kr. og málflutningslaun verjenda hinna kærðu, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Guðmundar Ólafssonar 60 kr. til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn læknum Eiríki Kjerúlf, Halldóri Georg Stefánssyni og lyfsala Gunnari Juul, öllum til heimilis á Ísafirði, fyrir brot gegn reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga.

Eins og útskrift af rjettarprófum málsins sýnir hefir rannsókn verið hagað þannig, að rannsóknardómarinn ljét semja skýrslu eftir áfengisbók lyfjabúðarinnar á Ísafirði, um tölu, áfengismagn og tegund lyfseðla þeirra, er útgefnir hafa verið af hinum kærðu læknum á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924. Teknir voru þá æðimargir af áfengisseðlum kærðs Halldórs G. Stefánssonar til þess að sýna ásigkomulag þeirra. Ennfremur ljét rannsóknardómarinn semja skýrslu um magn áfengis þess, er lyfja-

búðin ljet út eftir áfengisbókum og ávísunum annara lækna og eftir laboratorium journal yfir sama tímabil til þess að komast fyrir hve mikið áfengi lyfjabúðin hefði alls látið úti, þar eð hún hafði eigi haldið fyrirskipaða eyðslubók.

Að því er nú snertir kærðan Eirík Kjerúlf lækni, sýnir greind skýrsla, að hann á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924 hafði gefið út 1484 áfengislyfseðla og að áfengismagn þeirra var 366 lítrar, þar af 11 lítrar vína medicata. Af lyfseðlum þessum gaf hann út 1002 á tímabilinu 1. júlí 1923 til 31. desember s. á. og 482 á tímabilinu 1. jan. 1924 til 30. júní s. á. En af lyfseðlum þessum gat lyfjabúðin eigi afhent rannsóknardómara nema 1419, vantaði því 65 áfengisseðla á töluna samkvæmt áfengisbók lyfjabúðarinnar. Gegn mótmælum kærðs verður það því eigi talið nægilega sannað að hann hafi gefið út nema 1419 áfengisseðla á framangreindu tímabili og að telja megi áfengismagn þeirra samtals 348 lítra eins og kærður telur það í varnarskjali sínu þar með taldir 11 lítrar vína medica.

Samkvæmt áfengisbók lyfjabúðarinnar eru áfengislyfseðlar færðir í tvo dálka, fyrri og síðari dálk. Fyrri dálkurinn er fyrir vínanda óblandaðan eða vatnsblandaðan, en síðari fyrir vínanda blandaðan öðrum efnum. Flestallir áfengislyfseðlar kærðs eru færðir í síðari dálkinn, sökum þess að flestallir áfengislyfseðlar hans eru blandaðir öðrum efnum, langoftast eterol., carvi Gtt II og aq. dest. 350 eða eins og fyrirsögnin á rjskj. 4 og 7 sýna. Stöku sinnum er vínandaskamturinn blandaður medicinskum bitterefnum eða öðrum efnum.

Staðbæfir kærður að lyfseðla þessa beri eigi að skrifa á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkvæmt 5. gr. reglugjörðarinnar. Af áfengislyfseðlum er ritast eigi á þau eyðublöð er umgetur í 5. gr. telur hann sig eigi hafa gefið út nema 97. En allir aðrir áfengislyfseðlar hans er í áfengisbók eru færðir eigi þar eigi heima og eigi að ritast á almenn eyðublöð.

Þá hefir kærður haldið því fram, að hann hafi eigi sjeð auglýsingu lækna og lyfsala um áfengis kaup, er út kom í september—október—blaði Læknablaðsins 1923, fyr en í desember s. á., og er það eigi sannað gegn mótmælum hans.

Að því er snertir spurninguna um það, hvort kærðum beri að skrifa greinda lyfseðla á hin fyrirskipuðu eyðublöð, þá þykir verða að svara því samkvæmt fyrirmælum reglugjörðarinnar í sambandi við fyrirmæli reglugjörðar nr. 66, 7. ágúst 1922, um sölu

á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl. þannig, að orðin „ómengað áfengi“ í 3. gr. reglugjörðar nr. 67, 1922 beri að skýra með hlíðsjón af fyrirmælum reglugjörðar nr. 66 1922 um mengaðan og hálfmengaðan vínanda. En samkvæmt því verður ekki álitid að vínandi verði mengaður, hálfmengaður eða fullmengaður þó hann sje blandaður ætherol. carvi. Gtt. II eða medicinskum bitterefnum. Það virðist eðlilegt að skoða það fremur smekkbæti en hitt að það breyti aðaláhrifum vínandans sem nautnarmeðals. Vínandinn verður þrátt fyrir svofelda blöndun að teljast ómengaður og leiðir af því, að kærðum ber að gefa lyfseðla á þannig lagaða vínandablöndu, á hin sjerstöku eyðublöð sbr. 5. gr. reglugjörðarinnar.

En kærður álitur að tómlæti hafi verið sýnt af hálfu þeirra, er áttu að hafa eftirlit með framkvæmd reglugjörðarinnar. Reglugjörðin sjálf er útgefin 7. ágúst 1922, ári eftir að lagaheimildin, lög nr. 62, 27. júní 1921 gekk í gildi, en nokkur nánari fyrirmæli um framkvæmd hennar kom svo út meira en ári þar á eftir, í auglýsing til lækna og lyfsala um áfengis kaup 23. ágúst 1923. Var auglýsingin, er eigi kom út í Læknabladinu, birt í september- og október-bláði Læknablaðsins, er kærður kveðst eigi hafa lesið fyr en í desember s. á. eins og áður segir. Ennfremur kveðst kærður hafa snúið sjer hingað á skrifstofu embættisins, sumarið 1922, til þess að fá þar hin fyrirskipuðu eyðublöð og er hann fjekk þau eigi þar, skrifað annaðhvort landlækni eða stjórnarráði um það, hvar hann ætti að fá þau, en engin eyðublöð fengið.

Sannað er það nú að vísu eigi, að kærður hafi skrifað landlækni eða stjórnarráði brjef þess efnis. En rjetturinn lítur svo á, að framangreint kunni að hafa veikt ábyrgðartilfinningu kærðs og styrkt hann fremur í þeirri skoðun að tæplega myndi það vera tilætlunin að framfylgja reglugjörðinni stranglega eftir bókstafnum. Til nokkurra málsbóta verður það að teljast en frekar eigi. Kærður, er þekti fyrirmæli reglugjörðarinnar, vissi einnig, að minsta kosti í desember 1923, hve marga áfengislyfseðla var leyfilegt að gefa út, gætti þess þó eigi en gaf út hálfu fleiri áfengisæðla, fyrra helming ársins 1924 en reglugjörðin með viðauka heimilaði. Þá hefir það komið fyrir að kærður hefir gefið ávísanir á áfengi í sima til lyfsala og að hann hefir látið frá sjer ódagsetta áfengislyfseðla, en hvorugt er löglegt sbr. 5. og 6. gr. reglugjörðarinnar.

Kærður hefir gerst brotlegur gegn reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922.

Kærður Halldór lækur G. Stefánsson flutti hingað til bæjarins síðustu dagana í nóvember 1923. Sýnir skýrsla um tölu og áfengismagn lyfseðla þeirra, er kærður gaf út á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924, að hann hefir gefið út samtals 1345 áfengislyfseðla, þar af 15 á tímabilinu 1. júlí 1923 til 1. desember s. á., en hitt alt 1330 áfengislyfseðla á tímabilinu frá 1. desember 1923 til 30. júní 1924. Áfengismagn þeirra var alls 408,8 lítrar spiritus conc., $16\frac{3}{4}$ lítrar konjak og $2\frac{1}{4}$ lítrar sherry eða alls 428,8 lítrar áfengis, þar af til eigin nota 51,64 lítrar spiritus conc., $6\frac{3}{8}$ lítrar og $2\frac{1}{4}$ sherry. Lyfjabúðin skilaði þó eigi rannsóknardómara nema 1343 af áfengisseðlum kærðs og koma hjer því eigi fleiri til greina.

Það er upplýst í málinu og viðurkent af kærðum að hann ritaði eigi áfengislyfseða sína á hin fyrirskipuðu eyðublöð, samkvæmt reglugjörð nr. 67, 7 ágúst 1922, nema hvað kærðan minnir að hann kæmi með frá Akureyri eitt eyðublaðahefti eða hluta af því og notaði það að einhverju leyti í fyrstunni hjer. En kærður hefir borið það fyrir sig, að hann fyrri hluta desember 1923 hafi skrifað landlækni brjef þar sem hann bað hann senda sjer 2—3 hefti af hinum fyrirskipuðu eyðublöðum. Kveðst svo nokkru síðar hafa ítrekað beiðni sína í símskeyti en eigi fengið neitt svar og engin eyðublöð fengið send. Útaf þessu hefir rjetturinn leitað upplýsinga hjá landlækni, er í embættisskeyti til rjettarins hefir lýst því yfir að hann kannist ekki við að kærðum hafi verið neitað um eyðublöð þessi.

Að undanskildum fáeinum áfengislyfseðlum kærðs eru þeir ávísanir á spir. con. blandaðan vatni og færðir í fyrri dálk í áfengisbók lyfjabúðarinnar.

Að því er snertir lyfseðla þessa skal eftirfarandi tekið fram.

Í 6. gr. reglugjörðarinnar nr. 67, 1922 segir að enginn lækur megi ávísar hvorki sjálfum sjer nje öðrum meira en sem svarar 210 gr. spir. con. og eigi aftur sama neytanda fyr en að 3 nóttum liðnum, en undantekning gerð, sjerstaklega í tveimur tilfellum, í öðru þeirra, ef lækur telur þess brýna þörf t. d. handa sjúklingi, er býr mjög langt frá læknum. Af þessu leiðir í fyrsta lagi, að í lyfseðli á áfengi verður að tilgreina nafn og heimili neytenda svo greinilega að hægt sje að ganga úr skugga um, hver

neytandinn sje, í öðru lagi verður það að teljast óheimilt að auka skamtinn þó neytandinn búi á öðrum stað en hlutaðeigandi lækni, búi neytandinn nær öðrum lækni eða á sama stað.

Flestir hinna framlögðu áfengislyfseðla kærðs í þessu sambandi eru að meira eða minna leyti stórgallaðir, kemur fyrir að nafn neytanda er ólæsilegt, að heimili hans er eigi greint eða heimili hans of óákveðið, t. d. einhverjum fjarðanna, Dýrafirði, Önundarfirði, án frekari tilgreininga á heimili sbr. ýms hinna framlögðu rjsh. nr. 63—108, og að kærður hefir aukið skamtinn til neytenda er eiga heima á sama stað og annar lækni t. d. Bolungarvík eða Þingeyri, eða nær öðrum læknum sbr. ýms hinna framlögðu rjettarskjala nr. 20—44.

Hefir kærður því gerst brotlegur gegn umræddri reglugjörð bæði að þessu leyti og eins að því er snertir fjölda áfengisseðla og áfengismagn samkvæmt þeim.

Kærður Gunnar Juul hefir einkarjett til lyfjasölu á Ísafirði, og er enginn ágreiningur um það í málinu, að hann hefir afgreitt áfengisseðla þá, er að framan getur um. Ennfremur er það nægilega sannað, að kærður færði eigi fyrirskipaða eyðslubók, en færði áfengiseyðslu lyfjabúðarinnar inn í áfengisbókina, en þar er eigi skýrt frá eyðslunni nema mánuðina ágúst—des. 1922 og jan. og febrúar 1924. Varð því að rannsaka hve mikil eyðsla lyfjabúðarinnar hafði verið á tímabilinu frá 1. júlí 1923 til 30. júní 1924 eins og áður er greint. Sýndi áfengisbók og laboratorjumjurnal lyfjabúðarinnar að eyðslan var 3186 lítrar áfengis eða freklega tvöfalt meira en heimilt var.

Þá er það nægilega sannað að Bjarni nokkur Björnsson fær afhenta 5 lítra spir. conc. tvisvar sama daginn, og veit kærður engin deili á honum, að dýralæknir fær útilátna rúma $11\frac{3}{4}$ lítra spir. conc. dagana 26. júlí (sic) til 7. júlí þ. á., að lyfjabúðin afgreiðir 4 lítra spir. conc. eftir áfengisbók, er heimilaði trjesmið 4 lítra hálfmengaða og 1 lítra ómeng. spiritus concentratus til eigin þarfa og að Björn Blöndal fær samtals 20 lítra spir. conc. dagana 10. júlí, 23. ágúst og 20. sept. 1923, án þess sjeð verði að hann hafi haft lyfsölurjett.

En að því er snertir lyfseðla hinna kærðu lækna heldur kærður því fram, að honum hafi borið skylda til að afgreiða þá, þar eð þeir sjeu útgefnir af löggiltum læknum en eins og hjer hagar til verður þetta eigi talið rjett.

Að visu heimila bannlög læknum að ávísá áfengi sem læknislyfi og samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 1921, er ríkisstjórninni heimilt að selja læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, áfengi. En lögin heimila ríkisstjórninni jafnframt að setja nánari reglur um áfengissölu. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil. Samkvæmt þessari lagaheimild hefir ríkisstjórnin sett reglugjörð nr. 67, 1922 og samkvæmt 7. gr. hennar fyrirmæli um, hve mikið hverjum lækni mest megi láta í tje um árið áfengi og vín sbr. anglýsingu til lækna og lyfsala um áfengiskaup 23. ágúst 1923.

Með greindum reglum verður að álíta að lögin hafi takmarkað rjett lækna til að ávísá áfengi sem læknislyfi þannig, að noti læknir meira áfengi til lækninga en reglugjörðin heimilar eða gefi út fleiri áfengissæðla þá sje það ólöglegt og beri að telja það ólöglega áfengissölu, eða eigi læknislyf. Reglugjörðin með viðauka leyfir nú eigi hinum kærðu læknum að nota áfengi til lækninga um fram það er þeir mega ávísá með 500 lyfsæðlum á ári. En eins og áður er sagt hafa þeir notað miklu meira áfengi og gefið út miklum mun fleiri áfengissæðla en heimilt var samkvæmt greindum reglum og fyrirmælum.

Þar eð nú kærður þekti hjer að lútandi lagafyrirmæli en takmarkaði þó eigi að neinu leyti afgreiðslu áfengislyfsæðlanna þykir hann hafa orðið sekur um ólöglega áfengissölu og að hann því einnig að þessu leyti hafi gerst brotlegur gegn reglugjörð nr. 67, 1922.

Samkvæmt framangreindu hafa þá hinir kærðu gerst brotlegir gegn reglugjörð nr. 67, 7. ágúst 1922 um sölu áfengis til lækninga. En um brot gegn reglugjörðinni fer eftir fyrirmælum laga nr. 91, 1917, laga nr. 38, 1911 og laga nr. 62, 1921. Ber samkvæmt því að líta svo á, að hinir kærðu lækna hafi orðið sekir um að láta af hendi læknissæðil um áfengi í þeim tilgangi að það yrði notað öðruvísi en sem læknislyf, og heyrir brot þeirra undir 18. gr. laga nr. 91, 1917, um aðflutningsbann á áfengi og brot hins kærða lyfsala ber að skóða ólöglega sölu á áfengi og heyrir undir 1. málsg. 9. gr. nefndra laga. En kærður Eiríkur Kjerúlf hefir tvisvar áður sætt sektum fyrir samkonar brot, í fyrra skifti samkvæmt yfirrettardómi 16. júlí 1917, 200 kr. sekt og samkvæmt hæstarjettardómi 12. júní 1922, 600 kr. sekt. Kærður Halldór G. Stefánsson hefir einu sinni áður sætt

200 kr. sekt samkvæmt yfirjettardómi 26. mars 1917, og kærður Gunnar Juul 500 kr. sekt samkvæmt lögreglurjettarsætt 18. mars f. á. fyrir smyglun á áfengi.

Með tilliti til þessa þykir refsing kærðs Eiríks Kjerúlfs hæfilega metin 900 kr. sekt, refsing kærðs Halldórs G. Stefánssonar 600 kr. sekt og refsing kærðs Gunnars Juul 700 kr. sekt og renni sektin í ríkissjóð. Það þykir eigi næg ástæða til að svifta kærðan Eirík Kjerúlf læknisleyfi um stundarsakir enda heyrir spurning um það fremur undir landlækni sbr. lög nr. 38, 1911.

Allan kostnað málsins verða hinir kærðu eftir þessum úrslitum að greiða, og greiði þeir kostnaðinn in solidum.

Dómarinn lætur þess getið, að eftir að málið var tekið til dóms hafi framhaldsrannsókn fram farið og að skjöl málsins hafi í sama skyni verið send bæjarfógeta Reykjavíkur, þó það leiddi eigi til rjettarrannsóknar þar. Það og embættisannir, þar á meðal sýslufundahöld, hafa tafið fyrir því, að dómur yrði uppkveðinn í málinu fyr.

Það vottast að rekstur málsins hafi verið vítalaus og meðferð þess lögleg.

Miðvikudaginn 14. okt. 1925.

Nr. 19/1925. **Jóhannes J. Reykdal** (L. Fjeldsted)

gegn

bæjarstjórn Hafnarfjarðar (Enginn).

Landamerksamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu 5. desbr. 1924: Landamerki milli jarðarinnar Setbergs í Garðahrepp í Gullbringusýslu annarsvegar og þess hluta Garðakirkjúlunds, sem með lögum nr. 13, 22. október 1912 var selt Hafnarfjarðarkaupstað, skulu vera þau, sem hér segir:

Úr neðstu jarðbrú í Kaplakrika eftir Kaplakrika í hraunjarðarinn beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farveg sínum rjett norðan við Baggalágar vestur af Setbergshamri, þaðan beina línu í stýflugarð rafstöðvarinnar, þá eftir garðinum og úr honum beint í markabúfu suður og uppi á